

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 27. ágúst 2010

## EFNI Í RAUNVERULEIKAPÁTT

Lag Systkinanna í Klassart, Pálmars, Smára og Fríðu, Gamli grafreiturn, er einn af stærstu sumarsmellunum í ár



HÚMORINN Í HAFNARBORG + GRIPIRNIR HANS SÆVARSSONAR  
BÍÓMYND UM KÚREKA OG MILLISTÉTTARGÁLU + SUMARSLÚTT Í HAVARÍI



### Toshiba Satellite L500D-16M

- 2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300
- 4GB DDR2 800MHz minni
- 320GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari
- 15.6" WXGA LED breiðskjár
- VGA myndavél í skjá
- 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express skjákort
- Windows 7 Home Premium

## FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ

# Kr. 117.950

SÆKTU EDA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á  
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •  
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

\* hláturinn lengir lífið

## HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR FRAMLEIÐANDI

Ég var að koma úr tökuferð við Mývatn þar sem við erum að gera heimildarmynd um Laxárdeiluna, þannig að helgin verður róleg í bænum. Ég ætla að drekka latte í 101 og pirra mig á Magma Energy og HS Orku. Á laugardagskvöld fer ég svo á Faktóry og sé Formann Dagsbrúnar á tónleikum.



### Selja gössið sitt

Það er alltaf gaman að líta við í Kolaportinu og freista þess að gera góð kaup. Líkurnar á því gætu verið töluverðar á sunnudaginn, því þá ætlar smekkpárið Hilda Gunnarsdóttir fatahönnuður og Snorri Helgason tónlistarmaður að skella þar upp bási. Þau eru að flytja til London í byrjun næsta mánaðar og ætla að selja því sem næst allar



eigur sínar í Kolaportinu. Meðal þess sem þau ætla að losa sig við er fatnaður, geisladiskar, bækur og alls konar gúmmelaði á lágu verði.

Þetta HELST

Listasýningin Að elta fólk og drekka mjólk opnuð í Hafnarborg í kvöld en þar verður húmor í brennidepli:

## HLEGIÐ INNI Í SÉR

Verkin á þessari sýningu gefa manni öll skemmtilega sýn á hlutina. Þetta er ekki endilega svona haha-húmor. Frekar svo-leiðis að maður flissar eða hlær inni í sér," segir Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona. Hún er á meðal níttján íslenskra listamanna úr öllum áttum og á ólíkum aldri sem eiga verk á sýningunni Að elta fólk og drekka mjólk sem opnar í Hafnarborg í Hafnarfirði í dag. Heitið dregur nafn sitt af ljósmyndaverki Sigurðar Guðmundssonar, Ljóð (að elta fólk og drekka mjólk) frá árinu 1972.

Öll verkin á sýningunni eiga það sameiginlegt að vera á einn eða annan hátt tengd húmor. „Eins og myndlist svo oft gerir endurspeglar verkin á þessari sýningu það sem er að gerast í kringum okkur í samfélaginu. En hér eiga þeir það allir sameiginlegt að gera það með gleraugum gleðinnar eða ákveðinni kaldhæðni," segir Ilmur.

Sjálfr sýnir hún vídeóverkið Playtime en í því sést hún meðal annars sauma á klukkuspil, spila á sellóstrauborð með straujárn og spila á blokkflautu með hárfurrku. Verkið vann hún með Davíð Þór Jónssyni tónlistarmanni.

Meðal annarra sem eiga verk á sýningunni má nefna Gjörninga-



Playtime Eins og með aðra listamenn sem koma að sýningunni Að elta fólk og drekka mjólk einkennast verk Ilmar Stefánsdóttur oft af húmor og gleði. MYND/ILMUR STEFÁNSDÓTTIR

klúbbinn, sem sýnir myndbandsverkið Dynasty, og Ásmund Ásmundsson, sem ætlar að afhjúpa nýtt útlitstaverk við opnun sýningarinnar. Magnús Pálsson,


Steingrímur Eyfjörð og Snorri Ásmundsson eru svo einungis nokkrir af þeim mörgu listamönnum til viðbótar sem eiga verk þar. Dagskrá sýningarinnar í heild má

sjá á vefsíðu Hafnarborgar, www.hafnarborg.is.

Sýningin opnar í Hafnarborg í dag klukkan 20.00.

- hhs

## SANYL ÞAKRENNUR



- RYÐGA EKKI
- PASSA Í GÖMLU RENUJÁRNUM
- STANDAST ÍSLENSKT VEÐURFAR
- AUÐVELDAR Í UPPSETNINGU
- ÓDÝR OG GÓÐUR KOSTUR

**ALFABORG**  
Skútuvogi 6 • Sími 568 6755

Vorum að opna fulla búð af glæsilegri haustvöru

*hjá Grafhildi*  
www.hjahrafnhildi.is • Sími 581 2141



Hljómsveitin Kimono Fagna komu haustsins með gestum og gangandi í Havarí á laugardaginn. MYND/VALDÍS THOR

Sumarslútt hjá Havarí á laugardaginn:

## Kimono og Crepes

Í allt sumar hafa tónleikar verið haldnir reglulega í versluninni og menningarmiðstöðinni Havarí í Austurstræti 6. Þeirri seríu er nú að ljúka og er það nýbylgjusveitin Kimono sem ætlar að kveðja sumarið og taka á móti haustinu með gestum Havarís á morgun. Það verður standandi veisla frá klukkan 2, þegar staðarhaldarinn Svavar Pétur Eysteinnsson kveikir upp í Skakkakrepes-pönnu sinni og beitir henni við að gleðja bragðlauka

gesta. Klukkan tvö kemur Hugleikur Dagsson fram og stjórnar leiknum „Hver er maðurinn“ en samnefnd bók kom út á vegum bókaforlagsins Ókei bækur, í sumar. Klukkan fjögur stígur svo Kimono á svið.

Í fréttatilkynningu frá Havarí er tekið fram að þótt formlegri tónleikaröð sé að ljúka muni Havarí halda áfram að bjóða upp á lífandi tónlistarflutning og alls konar menningarlegt góðgæti, um aldir alda.

- hhs

### augnablikið



Á PALLI Í SYDNEY Tiskuvikan í Sídney í Ástralíu var haldin í síðustu viku. Þar sýndi meðal annars þessi fagra fyrirsæta kjól úr smíðju Fernandos Frison.

MYND/GETTY IMAGES

## föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Anton Brink  
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Hallgrímsdóttir  
sigridurh@365.is sími 512 5432 Föstudagur Skattahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Nýjar vörur

streyma inn daglega

**Kerti**  
Næringin í næturhúminu

3  
fyrir  
2



## Leðurstóll

Klassísk og vönduð hönnun

44.900,-



39.900,-

## Hægindastóll

Sérlega þægilegir og fallegir stólar

59.900,-

## Legubekkur

Dvel ég í draumahöll og dagana lofa



## Nýtt af bryggjunni

NÝTT  
haust 2010

**Matarstell** Má bjóða þér sushi?  
Sushi sett 10 hlutir verð **3.990,-**



Dýrindis sushi

2.990,-



NÝTT  
haust 2010

NÝTT  
haust 2010

Púðar  
verð frá  
1.490,-

Teppi 2.490,-



## Púðar

Hressum upp á heimilið með nýjum púðum, gluggtjöldum og teppum

verð frá  
1.490,-

## Ódýra hornið

NÝTT  
haust 2010



Eyrnalokkar 790,-

the  
**PIER**

kemur stöðugt á óvart

[www.pier.is](http://www.pier.is)

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 // Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# NÁNAST EFNI Í RAUNVERULE

**Þrjú systkin, þau Pálmar, Smári og Fríða Dís Guðmundsbörn, skipa kjarna Klassart frá Sandgerði, en lag þeirra um Gamla grafreitinn er einn stærsti sumarsmellurinn í ár. Hljómsveitin sendi nýlega frá sér aðra breiðskifu sína, Bréf frá París.**

**Viðtal:** Kjartan Guðmundsson  
**Myndir:** Anton Brink

Lagið kom út í byrjun sumars og hefur notið talsverðra vinsælda, en í sannleika sagt hélt ég að tími þess væri liðinn. Svo skaust það óvænt aftur upp í annað sætið í vikunni og nú er bara að vona að það verði á toppnum næst. Óneitanlega væri gaman að eiga vinsælasta lag landsins þegar Sandgerðisdagar, uppáhaldshátíðin okkar, ná hápunkti sínum núna um helgina," segir Smári Guðmundsson, sem einnig gengur undir nafninu Smári klári, en hann er gítarleikari hljómsveitarinnar Klassart frá Sandgerði.

Margir íslenskir útvarpshlustendur ættu að vera orðnir vel kunnugir lagi sveitarinnar, Gamli grafreiturinn, sem hefur verið eitt vinsælasta lagið í sumar og situr sem stendur í öðru sæti vinsælda-lista Rásar 2 og á Tónlist.is.

## GEIRMUNDUR HRINGDI

Pálmar Guðmundsson, bassaleikari Klassart, segir líklega skýringu

á vinsældum Gamla grafreitsins þá að lagið virki betur og betur við ítrekaða hlustun. „Ég gæti líka trúað því að margir finni sig vel í texta lagsins, og þá sérstaklega smábæjarfólk sem flust hefur á mölina," segir hann, en í laginu er sungið um gamla bæinn sem er sögu-manni afar kær þótt hann geti kæft og svæft og þar búi forvitið, en um leið velmeinandandi lið, svo vitnað sé beint í textann. „Lagið er mjög raunsær lofsöngur. Svona er þetta bara," bætir Pálmar við.

Stofnendur Klassart eru upprunalega frá Sandgerði, þótt ekkert þeirra búi raunar lengur þar, og því liggur beinast við að spyrja hvort Gamli grafreiturinn sé í raun dulnefni fyrir æskuslóðirnar.

„Bragi Valdimar Skúlason Baggal-útur samdi textann svo þú verður eiginlega að spyrja hann að því," segir Fríða Dís Guðmundsdóttir söngkona og hlær, „en margir hafa velt þessu fyrir sér og það er ekkert skrítið."

Smári tekur í sama streng og bætir við að svona vel sungið lag hljóti á endanum að ná eyrum hlustenda, en Sigurður Guðmundsson úr hljómsveitinni Hjálmu-mum syngur lagið ásamt Fríðu Dís. „Mér fannst við fullkomlega vera búin að meika það þegar Pálmar sagði mér að Geirmundur Val-týsson hefði hringt í sig og beðið um textann að laginu til að flytja á tónleikum. Þá hugsaði ég með mér að þetta væri komið," segir Smári og systkinin skella upp úr.

## LITLA SYSTIR LEYNIVOPNIÐ

Klassart er óvenjuleg hljómsveit að því leytinu til að kjarna sveitarinnar skipa ofanefnd systkin, Pálmar, Smári og Fríða, en ellefu ár eru á milli þess elsta og yngsta, Pálmar og Fríðu, í aldri.

Svo gæti jafnvel farið að yngsta



**KLASSART** Þau Pálmar, Fríða Dís og Smári eru sammála um að ýmsir kostir fylgi því að að starfa með systkinum sínum í hljómsveit.

systirin í fjölskyldunni, hin tvítuga Særún, bætist fljótlega í hópinn, en hún er söngkona og var meðal annars falið að syngja bakraddir á annarri plötu Klassart, Bréf frá París, sem kom út í sumar.

„Særún litla systir er leynivopnið okkar," segir Fríða og Pálmar skýtur inn í að óvenjuleg skipan sveitarinnar nálgist það að verða gott efni

í raunveruleikabátt. „Já, The Klassart Family Business!" segir Fríða og hlær. „Við ættum eiginlega að ræða alvarlega við mömmu og pabba um að eignast fleiri börn."

Aðspurð segja systkinin að tónlist hafi leikið veigamikið hlutverk á æskuheimilinu í Sandgerði. „Það voru alltaf plötur á fóninum heima," segir Pálmar. „Við bræðurnir kunnum textana að hverju einasta Bítalaginu utanbókar þegar við vorum litlir og það er kannski grunnurinn sem við byggjum á. Svo var pabbi okkar bassaleikari sem spilaði fyrir kók og hamborgara á herstöðinni í Keflavík með hljómsveitinni Abstrakt í gamla daga. Þannig að tónlistin hefur fylgt okkur alla tíð."

Fríða Dís vakti athygli einungis fjögurra ára gömul þegar hún söng lagið Fríða litla lipurtá í þættinum Óskastundinni á Stöð 2. „Þetta var

þáttur sem fór á milli byggðar-laga og Fríða var valin til að koma fram fyrir hönd Sandgerðis. Þetta var örugglega það besta sem kom út úr þessum þáttum allan veturinn," segir Pálmar. „Sléttuúlfarnir voru húsbandið í þættinum og þeir voru rosalega góðir við mig. Ég hef verið skotin í Gunna Þórðar alla tíð síðan," segir Fríða.

Öll láta þau vel af því að starfa með systkinum sínum í hljómsveit og segir Smári kostina við það fyrirkomulag mun fleiri en ókostina. „Samskiptin eru mun auðveldari fyrir vikið," bætir Fríða Dís við. „Við erum samrýmd fjölskylda og ef við erum óánægð með eitthvað þá látum við það bara flakka. Auðvitað þarf stundum að ræða málin en þetta er allt í sátt og samlyndi hjá okkur."

**NORRÆNA HÚSIÐ**  
KYNNIR TVENNA TÓNLEIKA:

**31. ÁGÚST**

*Nanook*

**1. SEPTEMBER**

**Trío Gáman (DK)**  
Þjóðlagatónlist í nýjum búningi

Miðaverð: 1000 kr.  
Húsið opnar kl. 20.00  
Tónleikarnir hefjast kl. 21.00

Grænlenka súperbandið  
**Nanook (GRL)**  
ásamt Rökkurró

Miðaverð: 1000 kr.  
Húsið opnar kl. 20.00  
Tónleikarnir hefjast kl. 21.00

Miðasala:  
www.midi.is

**NORRÆNA HÚSIÐ**  
Sturlugata 5 - 101 Reykjavík  
www.norraenahusid.is

\* bak við tjöldin



Uppáhalds íslenski tónlistarmaðurinn:  
**Fríða:** Björk  
**Smári:** Rúnar Júlíusson  
**Pálmar:** Allir í Hjálmu

Uppáhalds erlendi tónlistarmaðurinn:  
**Fríða:** Tom Waits  
**Smári:** Beck  
**Pálmar:** Peter Green

Uppáhaldsborgin:  
**Fríða:** París  
**Smári:** New York  
**Pálmar:** Peking



# IKARÁTT



skilningur," segir Smári. „Blúsinn er kannski undirliggjandi í tónlistinni okkar en við spilum ekki blús meðvitað. Í rauninni á ég erfitt með að lýsa músíkinni okkar svo vel sé, en aðalmálið er bara að gera þetta almennilega.“

Fríða Dís semur flesta textana á nýju plötunni, Bréf frá París, en auk texta frá Braga Valdimar Skúlasynti semur rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir tvo texta, þar á

meðal við titillagið. „Ég hef aldrei komið til Parísar en það hefur verið draumur minn frá því ég var lítil stelpa,“ segir Fríða. „Vigdís er uppáhalds rithöfundurinn minn og þess vegna settum við okkur í samband við hana með það fyrir augum að hún semdi texta fyrir okkur og hún var svo yndisleg að taka okkur opnum örmum. Ég sagði Vigdís söguna og hún samdi textann upp úr henni.“

## HÖLDUM ÁFRAM AÐ VANDA OKKUR

Auk fjölmargra tónleika að undanförunu hafa meðlimir Klassart verið niðursokknir í verkefni tengt Hallgrími Péturssyni, einu helsta sálmaskáldi Íslendinga. „Hallgrímur var prestur í Hvalsnesi við Sandgerði og þar er meðal annars að finna legstein Steinunnar dóttur hans,“ segir Pálmar. „Tengslin eru því sterk og af því tilefni fórum

við í allar kirkjur á Suðurnesjum og lékum lög eftir okkur við texta Hallgríms. Við einbeittum okkur að hans veraldlega skáldskap og stefnum á að gefa eitthvað af þessu efni út á næsta ári.

Að öðru leyti ætlum við bara að halda áfram að vanda okkur og sjá hvert spilamennskan skilar okkur,“ segir Pálmar að lokum.

## EKKI HREINRÆKTUÐ BLÚSHLJÓMSVEIT

Fyrri plata Klassart, Bottle of Blues, kom út árið 2007 og hlaut frábærar viðtökur gagnrýnenda, en árið áður höfðu Smári og Fríða unnið Blúslagakeppni Rásar 2 með samnefndu lagi. Þá kölluðu systkinin sig Mean Mr. Mustard and His Sister Pam, með vísun í Bítlalagið fræga, en breyttu nafninu, að sögn vegna þess að Smári vildi ekki verða þekktur sem Smári sinnep.

Pálmar gekk til liðs við sveitina eftir útkomu Bottle of Blues og í dag er sveitin skipuð systkinunum þremur ásamt Björgvini Ívari Baldurssyni gítarleikara og Þorvaldi Halldórssyni trommara.

„Í kjölfarið á sigrinum í Blúslagakeppninni höfum við tekið eftir því að margir gera sjálfkrafa ráð fyrir því að við séum hreinræktuð blúshljómsveit, en það er mis-




Besta bíómyndin:  
Fríða: Fight Club  
Smári: The Sting  
Pálmar: American History X

Besta íþróttaliðið:  
Öll saman í kór: Reynir og Liverpool.  
Og Steven Gerrard er bestur!



WRIGLEY'S  
**Extra**

## Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur..



Rannsóknir sýna að notkun sykurlaus **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# tíðin

\* dularfullt og djarft

**MA CRÈME NATURE** Þegar kuldinn skellur á er nauðsynlegt að eiga gott raka-krem. Ma crème nature frá L'Occitane blandar þú sjálf og geymir svo í ísskáp. Þar sem það er blandað rétt fyrir notkun og inniheldur engin aukaefti er það fullkomlega náttúrulegt, ferskt og frískandi fyrir húðina.



Fann djarfa aðalleikkonu í næsta húsi:

## Mynd um kúreka og millistéttargálu

Ég var að leita að einhverri sem tekur sjálfa sig ekki of alvarlega og er ófeimin. En ég fann hana ekki á Facebook, heldur í næsta húsi," segir tónlistarmaðurinn Steini Einarsson, sem útskrifaðist úr Kvikmyndaskóla Íslands árið 2008.

Auglýsing Steina á Facebook vakti nokkra athygli, en þar lýsti hann eftir djarfri stúlku til að taka að sér aðahlutverk í bíómynd. Handrit myndarinnar er skrifað af Steina og Bryndísi Helgu Tómasdóttur. Myndin fjallar um kúreka frá Selfossi sem eyðir sólarhring í að ganga í augun á reykvískri millistéttargálu í leit að lífsfyllingu. „Þetta verður mynd með kolbiksvartum húmor með senum sem fólk á eftir að bregðast misjafnlega við," segir Steini.

Með hlutverk kúrekans fer Brimar Bragi Magnússon og Ásdís Magnea Egilsdóttir mun túlka millistéttargáluna. Tökur á mynd-



**Steini** Steini Einarsson, sem útskrifaðist úr Kvikmyndaskóla Íslands árið 2008, leitar að aukaleikum til að leika í bíómynd með kolbiksvörtum húmor.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

inni hefjast í næsta mánuði. Tekið skal fram að þótt leikkonan djarfa sé fundin er Steini enn að leita að stelpum í aukahlutverk.

- hhs



**ÉG SAFNA ANTÍKMUNUM** og á mikið af þeim. Ég valdi þessa stytta, sem er frá um 1920, því ég held mikið upp á hana. Það á eftir að gera við hana, sem ég mun gera innan tíðar.



**ÞETTA VIVIENNE WESTWOOD VESKI** nota ég á hverjum degi það er einstaklega rúmgott og ég passa það mjög vel.

**ÉG Á EINNIG GRÍÐARLEGT SAFN AF BÓKUM** og safna upprunarlegum útgáfum og gömlum bókum.

**SÆVAR MARKÚS ÓSKARSSON**

fatahönnuður og verslunareigandi



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



BULLBOXER - 13.990



WILD ROMANCE - 14.990



AGAIN&AGAIN - 22.990



BRAKO - 25.990



DETOX - 19.990



SPOT ON - 12.990



MENTOR - 39.990



MENTOR - 39.990

gs skór

laugavegi | smáralind | kringlunni | s.512 1760 | www.ntc.is

TOPP 10



**ÉG Á GRÍÐARLEGT SAFN** af vínýplötum og get ómögulega valið á milli þeirra enda á ég mikið af ansi verðmætum gripum. Ég sérhæfi mig í að safna skynvillutónlist sjöunda áratugarins, 'Library' plötum, kvikmynda-tónlist sjöunda áratugarins, klassískri tónlist og frönskum poppsöngkonum frá 1963-1968.

**HÁLSMEN** sem ég held mikið upp á. Mér var gefið það þegar ég bjó í París og það er mjög falleg saga á bakvið það.



**ÉG HELD MIKIÐ** upp á alla þá orkusteina og kristalla sem ég á og eru Smoky Quartz og Amethyst mér ávallt mjög kærir.



**ÉG HELD MIKIÐ UPP** á tarot spilið mín. Ég hef átt þessi hvað lengst og hafa þau fylgt mér ansi lengi.



**ÞESSI HATTAGÍNA** er úr fyrstu KRON búðinni og myndi vera frá um 1940. Það er fremur fágætt að svona harragínur finnist í dag og því passa ég vel upp á hana.



**ÞETTA MYNDAALBÚM** er frá um 1930, eða fyrr, og í því er mikið af leikurnum sem ég held mikið upp á eins og Rudolph Valentino, Ramon Navarro, Lillian Gish og Greta Garbo.



**ÉG HELD EINNA MEST** upp á fataskápana mína en ég get ómögulega valið eina flik. Ég held mikið upp á allt frá Dior Homme, Ann Demeulemeester, Vivienne Westwood og fleirum. Einnig gjafir frá vinum eins og Aftur og Eygló.

# Ljóssumars skór

Litir: svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 19.995 kr.

## Skór.is

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 568-9345



Litir: svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 19.995 kr.

## Skór.is

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 568-9345



Litir: svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 16.995 kr.

## Skór.is

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 568-9345



Litir: svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 12.990 kr.

## Debenhams

Smáralind  
Sími: 522-8000



Litir: Hlébarði  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 17.890 kr.

## Bata

Smáralind  
Sími: 511-2020



svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 18.990 kr.

## Debenhams

Smáralind  
Sími: 522-8000



Litir: svart - grátt  
Stærðir: 35 – 41  
Verð: 25.990 kr.

## Bata

Smáralind.  
Sími: 511-2020



Litir: svart - brúnt  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 18.995 kr.

## Kaupfélagið

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 568-6211



Litir: svart  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 14.995 kr.

## Kaupfélagið

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 568-6211



Litir: svart - brúnt  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 35.900 kr.

## Bianco

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 528-8900



Litir: brúnt  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 24.900 kr.


## Bianco

Smáralind og Kringlunni  
Sími: 528-8900

Litir: svart - grátt  
Stærðir: 36 – 41  
Verð: 23.995 kr.

## Skóhöllin - Euro-skór





## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Hafsteinn Júlíusson**  
vöruhönnuður

Ég myndi vakna rétt fyrir hádegi uppi í bústað, skella mér í heita pottinn og biðja mömmu að útbúa sterkt soðningskaffi og vöffur á meðan.



Brúna í bæinn til þess að taka síðdegishressingu með strákunum í Vin8 í Höfðakaffi.



Svo myndi ég drepa tímann með því að rúnta um Grafarvoginn á góðum bíl með Gipsy Kings í botni.



Eftir það held ég tailenskt matarboð fyrir vini og vandamenn þar sem ég býð upp á heimalagað kao pad ped.



Seinna um kvöldið kíkí ég svo í einn svellkaldan á Prikinu þar sem Danni Deluxe er með gott donk session í gangi.

## GALLABUXNAÚRVALIÐ ER Í BLEND



Style 6345  
wash #933  
**11.990,-**



Style 6881  
wash #902  
**9.990,-**



Style 6881  
wash #939  
**11.990,-**



Style 6053  
wash #902  
**11.990,-**



Style 6518  
wash #916  
**11.990,-**



Style 6646  
wash #844  
**11.990,-**



Style 6910  
wash #100  
**9.990,-**



Style 6910  
wash #100  
**9.990,-**



Style 6907  
wash #844  
**11.990,-**



**Kringlan // Smáralind**  
www.blendcompany.com

**BLEND**  
THE MODERN ART OF VINTAGE

## CHELLO

Náttúruleg lausn á breytingarskeiðinu



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkanna

Engar konur eru eins – þrjár mismunandi lausnir fyrir konur á breytingarskeiði



Gott við mildum einkennum af svita- og hitakófi  
Inniheldur:  
Dong quai, rauðsmára, vallhumal, kamillu og mjólkurpistil.



Gott við miklu svita- og hitakófi  
Inniheldur: m.a. soja, rauðsmára og salvíu.



Upplagt fyrir konur undir fimmtugu sem byrja snemma með breytingarskeiðseinkenni  
D vítamín fyrir beinin auk soja, rauðsmára og salvíu.